

Fagleg umhirða trjá- og runnagróðurs

Áherslur umhverfisnefndar um trjágróður í Garðabæ.

Viðhald og umhirða trjá- og runnagróðurs.



Baldur Gunnlaugsson og Magnús Bjarklind

Áherslur umhverfisnefndar um trjágróður í Garðabæ.

TRJÁGRÓÐUR Í GARÐABÆ

GARÐABÆR SETUR MARKMIÐ UM TRJÁGRÓÐUR Á LÓÐUM ÍBÚA, FYRIRTÆKJA, STOFNANA OG OPINNA SVÆÐA.

Tilgangurinn er að upplýsa um þær reglur og viðmið sem Garðabær hefur sett sér með það að markmiði að vera gróðursæll og snyrtilegur bær. Tilgangurinn er einnig að fræða almenning um hvaða gróður hentar til notkunar á lóðum, m.t.t. stærðar og rýmis.

Trjágróður hefur mikil áhrif á götmynd bæjarins til fegrunar og skapar einnig ýmis heppileg skilyrði með því að skýla fyrir veðri og vindum, binda ryk og auka möguleika á útiveru. Mikilvægt er að garðeigendur sinni umhirðu og viðhaldi trjágróðurs af alúð svo að yfirbragð bæjarins sé af fallegum og heilbrigðum trjágróðri.

Ákjósanlegt er að leita til fagfólks ef aðstoðar og leiðbeiningar er þörf til að koma í veg fyrir skemmdir á trjágróðri. Röng umhirða getur komið niður á heilbrigði gróðursins. Einnig ber að hafa í huga að gömul tré geta verið verðmæt og haft menningarsögulegt gildi.

Illa hirtur trjágróður og rangt staðsettur, til dæmis á lóðamörkum getur valdið óþægindum gagnvart gangandi umferð, tafið snjómokstur og aðra þjónustu á gönguleiðum. Gróður sem vex inn á gönguleiðir getur valdið mikilli hættu fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur og skemmdum á þjónustutækjum.

Tegundaval getur verið vandasamt þegar valinn er trjágróður og fjölærar jurtir í garðinn. Mikilvægt er að leita sér upplýsinga varðandi tegundaval því framtíðarsýn þarf að vera skýr.

Leiðbeina skal bæjarbúum um ágengar tegundir og um tegundir sem óæskilegt er að breiðist út í náttúruna. Gróðursetning ágengra tegunda spillir opnum svæðum við læki og í hraunum. Einnig geta hávaxnar tegundir valdið ýmsum óþægindum eins og skuggamyndun.

Það er von umhverfisnefndar að þessi markmið verði til að auka áhuga og þekkingu bæjarbúa um aðferðir við val á tegundum og staðsetningu með tilliti til rýmis og umhirðu trjágróðurs.

LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM:

- Garðyrkjustjóri geri árlega úttekt garðyrkjustjóra vegna trjágróðurs á lóðarmörkum.
- Upplýsingar/áminning verði send bæjarbúum þar sem þörf er á, þar sem vísað verði á leiðbeiningar á vef Garðabæjar.
- Boðið verði upp á námskeið um umhirðu garðagróðurs og tegundaval.
- Gefið verði út fræðslufni (bæklingur), sbr. gróður á lóðamörkum.
- Upplýsingum séu viðhaldið á vef Garðabæjar, sbr. <http://www.gardabaer.is/forsida/tilkynningar/tilkynning/2009/02/16/Grodur-a-lodum/>
- Garðyrkjustjóri veiti ráðgjöf til íbúa, m.a. varðandi fellingu trjáa.
- Ábending Umferðarstofu, um ástand gróðurs og umferðaöryggi.
- Byggingarreglugerð, byggingarreglugerð nr. 112/2012, 68 gr. um gróður og frágang lóða.



GARÐABÆR
www.gardabaer.is



- Tilgangurinn er að upplýsa um þær reglur og viðmið sem Garðabær hefur sett sér með það að markmiði að vera gróðursæll og snyrtilegur bær.
- Tilgangurinn er einnig að fræða almenning um hvaða gróður hentar til notkunar á lóðum, m.t.t. stærðar og rýmis.



- Trjágróður hefur mikil áhrif á götummynd bæjarins til fegrunar og skapar einnig ýmis heppileg skilyrði með því að skýla fyrir veðri og vindum, binda ryk og auka möguleika á útiveru.
- Mikilvægt er að garðeigendur sinni umhirðu og viðhaldi trjágróðurs af alúð svo að yfirbragð bæjarins sé af fallegum og heilbrigðum trjágróðri.



- Ákjósanlegt er að leita til fagfólks ef aðstoðar og leiðbeiningar er þörf til að koma í veg fyrir skemmdir á trjágróðri.
- Röng umhirða getur komið niður á heilbrigði gróðursins.
- Einnig ber að hafa í huga að gömul tré geta verið verðmæt og haft menningarsögulegt gildi.



- Illa hirtur trjágróður og rangt staðsettur, til dæmis á lóðamörkum getur valdið óþægindum gagnvart gangandi umferð, tafið snjómokstur og aðra þjónustu á gönguleiðum.
- Gróður sem vex inn á gönguleiðir getur valdið mikilli hættu fyrir gangandi, hjólandi og akandi vegfarendur og skemmdum á þjónustutækjum.



- Tegundaval getur verið vandasamt þegar valinn er trjágróður og fjölærar jurtir í garðinn.
- Mikilvægt er að leita sér upplýsinga varðandi tegundaval því framtíðarsýn þarf að vera skýr.



- Leiðbeina skal bæjarbúum um ágengar tegundir og um tegundir sem óæskilegt er að breiðist út í náttúruna.
- Gróðursetning ágengra tegunda spillir opnum svæðum við læki og í hraunum.
- Einnig geta hávaxnar tegundir valdið ýmsum óþægindum eins og skuggamyndun.



- Það er von umhverfisnefndar að þessi markmið verði til að auka áhuga og þekkingu bæjarbúa um aðferðir við val á tegundum og staðsetningu með tilliti til rýmis og umhirðu trjágróðurs.



LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM:

- Garðyrkjustjóri geri árlega úttekt garðyrkjustjóra vegna trjágróðurs á lóðarmörkum.
- Upplýsingar/áminning verði send bæjarbúum þar sem þörf er á, þar sem vísað verði á leiðbeiningar á vef Garðabæjar.
- [Gróður á lóðum](#)



LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM:

- Boðið verði upp á námskeið um umhirðu garðagróðurs og tegundaval.
- Gefið verði út fræðsluefni (bæklingur), sbr. gróður á lóðamörkum.
- Upplýsingum séu viðhaldið á vef Garðabæjar, sbr. [Gróður á lóðum](#)



LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM:

- Garðyrkjustjóri veiti ráðgjöf til íbúa, m.a. varðandi fellingu trjáa.
- Ábending Umferðarstofu, um ástand gróðurs og umferðaöryggi.
- Byggingarreglugerð, nr. 112/2012, 68 gr. um gróður og frágang lóða.



Heilbrigði trjágróðurs

- Garðagróður er ekki í sínu nátturulega umhverfi
- Aðstæður
 - Loftslag
 - Vaxtarskilyrði (rými)
 - Birta
 - Jarðvegur
 - Vatn
 - Næringarefni
 - Sveppir / bakteríur
 - Aðrar plöntur og dýr



Klippingar

Trjáklippingar eru ekki náttúrulegt fyrirbrigði

- Klippingar og grisjun
 - Eins lítið og hægt er...
 - Aðaláhersla á að fjarlægja brotnar, sjúkar og skemmdar greinar

Klippt planta er stressuð

- Því fleiri sár og stærri, því meiri áhætta og aukið álag (sjúkdómar og skaðvaldar)

Æviskeið



1. Æskuskeið

- Virkur vöxtur
- Öflugt varnarkerfi
- Heppilegur tími til að stýra vexti og formi



2. Kynþroskaskeið

- Blóm- og fræmyndun
- Vöxtur hægist
- Dregur úr varnarkerfi
- Klippingar ættu að snúa að heilbrigði



3. Elliskeið

- Blómstrun
- Blaðmassi minnkar
- Varnarkerfi veikt
- Þolir illa áföll
- Klippingar snúa að umönnun



4. Hrörnunarskeið

- Tré að deyja
- Aðeins blaðvöxtur
- Ekkert varnarkerfi
- Klippingar snúa að öryggisjónarmiðum



Hvenær er rétti tíminn?

- Oftast er talað um að tímabilið síðla vetrar og fram á vor sé best, því þá er greinabygging (beinagrindin) best sýnileg. Svo kölluðum blæðurum eins og birki, hegg og hlyn byrjar að blæða í byrjun apríl og blæðir fram í lok júní. Minniháttar klipping á blæðurum kemur ekki að sök á þessu tímabili.
- Eftir laufgun frá lok júní og fram í lok júlí er plantan í mestum vexti. Sá tími þykir mjög ákjósanlegur til stærri klippinga því þá er tréð í bestri aðstöðu til að bregðast við klippingunni og loka á sárið.

Tilgangur

- Mótun / Formun
- Vaxtarstýring
- Auka blómgun
- Auka birtu
- Fjarlægja dauðar / skjúkt efni
- Fyrirbyggja hættur





Krónuklippingar

- Klippingar eru flestum garðtrjám nauðsynlegar til að þau þrífist sem best.
- Greinar sem eru dauðar, sjúkar eða skemmdar valda trénu vanþrífum og ber að fjarlægja.
- Einnig geta ytri aðstæður trjáa valdið því að vöxtur og útlit verður ekki í samræmi við væntingar eigandans, t.d. vegna lítils rötarrýmis, skugga eða samkeppni við annan gróður.
- Því getur reynst nauðsynlegt að „lagfæra“ vöxtinn á ýmsan hátt.
- Tilgangur klippinga á stofntrjám er „hjálpa“ trénu að þroskast og vaxa í samræmi við upphaflegan tilgang og óskir eigandans.



Klippingin

- Allar trjáklippingar valda sárum en rétt klipping dregur úr líkum á skaða af völdum sársins.
- Þegar greinar eru klipptar eða sagaðar er mikilvægt að skurðurinn sé hreinn og jafn til að minnka líkur á sýkingum. Því er best að nota rétt verkfæri, s.s. beittar klippur og bitgóðar sagir við verkið.
- Best er að byrja klippinguna á að fjarlægja allar dauðar, skemmdar og sjúkar greinar. Einnig er gott að fjarlægja þær greinar sem hafa óeðlilegan vöxt, t.d. þær sem liggja þétt svo að börkur hefur nuddast saman og skemmst (krosslægjur) og greinar sem vaxa í samkeppni við stofn eða topp (stofn- og topplægjur).
- Í flestum tilfellum er æskilegt að “stofna upp” tréð, þ.e. að fjarlægja neðstu hliðargreinar upp í óskaða bolhæð.
- Sé króna trésins ójöfn þarf að meta hvort hægt sé að jafna hana, t.d. með því að fjarlægja greinar þeim megin sem krónan er breiðari.

Klippingin



- Hliðargreinar er best að klippa eða saga við greinakraga þannig að kraginn særst ekki en þó það nálægt kraganum að ekki verði skilinn eftir stubbur.
- Í flestum tilfellum er mjög auðvelt að sjá hvar á að klippa eða saga hliðargrein. Flestar greinar hafa sýnilegan greinarkraga sem umlykur greinina neðarlega við stofn.
- Í einstaka tilfellum hefur greinakragi ekki myndast eða er ekki sýnilegur. Í þeim tilfellum er hægt að klippa greinina nokkrum cm frá stofni og skilja eftir stubb. Tréð bregst við og greinakraginn verður sýnilegur næsta sumar og þá er stubburinn fjarlægður.

Greinar



Sáraflötur



Efni á sárafleti



- Aldrei skal bera málningu, lakk eða fúavörn í sáraflöt. Hætta er á að raki myndist innan við málningu sem valdið getur fúa í trénu. Á stærri sár má bera til þess gerð smyrslu sem minnka líkur á sveppasýkingum.



Tilgangur limgerðisklippinga

- Tilgangur limgerðisklippinga er að ná fram og viðhalda ákveðinni lögun, hæð, breidd og þéttleika. Til að koma upp fallegu og þéttu limgerði getur þurft að klippa það nokkrum sinnum á ári. Þegar klippt er reglulega, t.d. 2-4 sinnum á ári, haldast greinarnar grennri og þéttleikinn verður meiri. Sáraflötur greina verður einnig minni sem dregur úr hættu á sjúkdómum, s.s. sveppasýkingum.

Trjáfellingar

- Reglur um trjáfellingar geta verið breytilegar á milli sveitarfélaga.
- Í mörgum sveitarfélögum ber mönnum skylda til að sækja um leyfi til að fella tré sem eru hærri en 8 metrar eða eldri en 60 ára.



Fletting á berki







Kollun

- Á undanförunum árum hefur færst í vöxt að saga ofan af stofni trjáa t.d. öspum. Slík aðgerð kallast “Kollun”. Þessi vaxtarstýring þykir afar óheppileg og skilar ekki árangri til lengri tíma. Eftir að sagað er ofan af trénu myndast mikill greinavöxtur við sárið þar sem tréð reynir að mynda nýjan topp. Króna trésins verður ójöfn, fær á sig leiðinlegt útlit og kallar á mikið viðhald, þ.e. klippingu. Einnig myndar tréð gjarnan mikið af rótarskotum. Alvarlegasti ókostur kollunar er að tréð getur ekki lokað sárinu, sjúkdómar og rot eiga greiðan aðgang að stofninum og tréð deyr á nokkrum árum.

Kollun - skemmdir



Toppun / Stífling

- Svo kölluð “Toppun” eða “Stífling” hefur einnig færst í vöxt hér á landi. Í þessari vaxtarstýringu er klippt framan af grein / árssprota þegar búið er að ákveða endanlega lengd / hæð hennar. (Athugið að ekki er klippt eða sagað í stofn eins og í kollun). Klippingunni er fylgt eftir árlega eða oftár og í hvert skipti er klippt á sama stað. Þetta veldur því að tréð myndar mikið af hliðargreinum og verður mjög þétt. Aðferðin hentar alls ekki öllum trjátegundum en hefur virkað vel á ýmsar grenitegundir sem og lerki og ösp en kallar á mikið og nákvæmt viðhald.



Stubbar



Spurninga og umræður

